

Skýrsla formanns Fuglaverndarfélags Íslands fyrir árið 2004

Lögð fram á aðalfundi 20. apríl 2005

Starfið á árinu einkenndist sem fyrr af hálendisverndinni, en aðrir þættir eins og arnarmál, útgáfa og vöxtur félagsins, spiluðu stóra rullu í starfseminni.

STJÓRN, AÐSETUR, FÉLAGAR

Á **aðalfundi** 1. mars 2004 var Jóhann Óli Hilmarsson endurkjörinn formaður, aðrir kosnir voru Einar Ó. Þorleifsson (varaformarður), Ólafur Karl Nielsen (ritari), Daníel Bergmann (gjaldkeri), Björk Guðjónsdóttir (meðstj.), Jón Hallur Jóhannsson (meðstj.) og Jón S. Ólafsson (meðstj.). Haldnir voru 7 stjórnarfundir á árinu.

Félagið leigði **skrifstofu** og aðstöðu af Landvernd að Ránargötu 18, í húsi Skógræktarfélags Íslands.

Félagar töldust vera rétt um 550 í árslok. Félagsgjald var ákveðið kr. 2200 fyrir einstakling, kr. 1700 fyrir unglinga og eldri borgara og kr. 2800 fyrir fjölskyldur.

Stjórn Austurlandsdeildar skipuðu Halldór Walter Stefánsson, formaður Berglind Steina Ingvarsdóttir og Vigfús Hjörtur Jónsson.

FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

Þrír **fræðslufundir** voru haldnir á árinu:

- 15. apríl var kvikmyndasýning, þar sem Magnús Magnússon kvikmyndagerðarmaður sýndi úrval úr myndum sínum.
- 29. apríl var fræðslufundur helgaður erninum og verndun hans hér á landi og í Skotlandi. Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Stuart Housden fluttu erindi.
- 25. nóvember var sýnd kvikmyndin The Eagle Odyssey, sem er ný mynd frá RSPB og fjallar um endurkomu hafarnarins í Skotlandi.

Fundirnir voru nú haldnir í Bratta, sal Kennaraskólans.

Fjórum sinnum var blásið til **vettvangsfræðslu eða fuglaskoðunar** á árinu:

- Helgina 24. – 25. janúar stóð Fuglavernd fyrir Garðfuglaskoðun. Þátttakendur voru um 63.
- Árleg fuglaskoðunarferð Fuglaverndarfélagsins og Ferðafélagsins var 9 maí.
- Fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa var haldin 13. júní. Þátttakendur voru 25.
- Í tilefni af Alþjóðlegum fugladögum var fuglaskoðun í Grafarvogi 2. október.

Garðfuglakönnun hélt sínu striki, en hún fór af stað haustið 1994. Haustið 2004 var því 11. haustið sem þessi skemmtilega könnun fer af stað. Þátttaka var með svipuðu móti, um 20 félagar sendu inn athuganir sínar.

Friðlandið í Flóa var rekið sem fyrr. Göngustígur var afmarkaður. JÓH fór í nokkrar ferðir með hópa um svæðið og hin árlega ferð var 13. júní. Stærsta verkefni ársins var undirbúningur fyrir göngustíg með árbakkanum. Mælt var fyrir brúm yfir stærstu skurði 5. júní og fjórar brýr smíðaðar um sumarið. Talsverð fundahöld voru vegna skipulagsmála í sveitarfélaginu. Ekki fékkst lausn á landskiptamálunum, þó nú væri loksins einhver hreyfing komin þar á. Dúi J. Landmark vann að kvikmynd um friðlandið. Formaður fékk umhverfisverðlaun Sameinaðs sveitarfélags í vestanverðum Flóa, aðallega vegna starfa að friðlandsmálum. Pokasjóður verslunarinnar styrkir friðlandið.

Krúdagur. Dagur kríunnar var haldinn við Reykjavíkurtjörn í maí. Borgarstjóri bauð kríuna velkomna, lesið var ljóð og svo voru kríur og aðrir fuglar skoðaðir.

Arnarvarp - arnarvefur Arnarvarp gekk vel og sáu Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Finnur Logi Jóhannsson um arnargæslu og arnarflug. Sumarið 2004 komust 34 arnarungar á legg og hafa ekki verið svo margir frá því farið var að fylgjast reglulega með arnarvarpi fyrir 45 árum. Nú er talið að um 60 arnarpör séu í landinu og hefur örnnum fjölgað hægt og bítandi undanfarin 40 ár.

Umhverfissráðherra opnaði heimasíðu um örninn á Degi umhverfisins, 25. apríl 2004. Þetta er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar og Fuglaverndar og var styrkt af Þjóðhátíðarsjóði. Síðan er vistuð á vef Fuglaverndar og sá Daníel Bergmann um uppsetningu hans.

Fuglavernd hleypti af stokkunum **þórshanakönnun** og er það í þriðja sinn sem fylgst er með vexti og viðgangi þórshanastofnsins. Verkið er unnið í samráði við Náttúrufræðistofnun og Yann Kolbeinsson og með fulltingi Umhverfissráðuneytis.

Í samstarfi við Skógræktarfélag Garðabæjar, var fuglalíf kannað á **skógræktarsvæðum við Vífilsstaðavatn.**

Fuglar voru taldir á Vífilsstaðavatni og Urriðavatni fyrir **Garðabæ**, einnig voru varpfuglar kannaðir við vötnin.

Fyrsta árið af þremur í **vöktun á fuglalífi Ástjarnar**, fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Flórgoði var talinn á Norðvesturlandi, fyrir Náttúrustofu Norðurlands vestra. Það er liður í heildartalningu á flórgoðum, sem er unnin í samvinnu við Náttúrustofu Norðurlands eystra og Náttúrufræðistofnun.

Félagið átti fulltrúa í **nefnd um endurheimt votlendis**. Fulltrúi félagsins var Einar Ó. Þorleifsson. Svo og í **rjúpnanefnd**. Fulltrúi þar var Ólafur Einarsson.

ÚTGÁFA

Tvö **jóla- og tækifæriskort** komu út um haustið.

Fuglavernd átti aðild að útgáfu kortsins **Ísland örur skorið**, sem kom út um haustið.

SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG OG SAMTÖK

Félagið tók þátt í **Degi umhverfisins** 25. apríl, ásamt frjálsum félagasamtökum.

Samstarfið við **RSPB** var öflugt á árinu. Stuart Housden, yfirmaður Skotlandsdeildar og Lloyd Austin frá Skotlandsdeild félagsins komu í heimsókn í maí til að innsigla samskipti félaganna með formlegum hætti..

Samstarfið við **BirdLife International** var öflugt á árinu. Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson sóttu heimsfund BirdLife í Durban í S-Afríku í mars.

Í lok apríl heimsóttu formaður og gjaldkeri aðalstöðvar systurfélagsins **Norsk Ornitologisk Forening** í Þrándheimi.

Í ágúst sótti Daníel Bergmann námskeið, sem var haldið fyrir fulltrúa norrænu fuglaverndarfélaganna í höfðustöðvum RSPB í Camebridge í Englandi. Jafnframt funduðu norrænu fulltrúarnir.

Unnið var í samvinnu við **Skógræktarfélag Garðabæjar** að könnun á fuglalíf á skógræktarsvæðum við Vífilsstaðavatn.

KÆRA VEGNA BROTS Á BERNARSAMNINGNUM

Einar Ó. Þorleifsson sótti fund hjá **fastanefnd Bernarsamningsins** hjá Evrópuráðinu í Strasbourg í byrjun desember. Þar var tekin fyrir kæra nokkurra fugla- og náttúruverndarféлага vegna virkjana á Austurlandi og í Þjórsárverum.

Rannsóknarnefnd til að kanna málið kom til landsins í júlí 2004. Þar átti m.a. sæti gamall refur, sem starfað hafði í innsta hring *BirdLife International* um árabil, Joe Sultana frá Möltu. Nefndin skoðaði aðstæður í Þjórsárverum og á Austurlandi, bæði á hálendinu og Úthéraði. Formaður var í ferðum með nefndinni og framkvæmdastjóri sat fund með málsaðilum.

AÐRAR ATHUGSEMDIR OG KÆRUR

Fuglavernd gerði athugasemd vegna mats á umhverfisáhrifum uppfyllingar við Gufunes. Félagið gerði og athugasemd vegna fyrirhugaðrar stíflugerðar í Laxárdal í S-Þing og athugasemd vegna Villinganesvirkjunar í Skagafirði.

Stokkseyri 20. apríl 2005
Jóhann Óli Hilmarsson